

Mánudaginn 27. september 1937.

Nr. 41/1937. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Olaf Cecil Bowitz

(Lárus Jóhannesson).

Áfengis- og tollagabrot.

Dómur lögregluréttar Seyðisfjarðarkaupstaðar 12. sept. 1936: Kærði, Olaf Cecil Bowitz, greiði 100 kr. sekt til rikissjóðs, er afplánist með 10 daga einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan fjöggra vikna frá birtingu dómsins. Ennfremur greiði hann 320 kr. aukagjald í rikissjóð af hinu innflutta áfengi innan sama tíma.

Áfengið skal vera upptækt og eign rikissjóðs.

Kærði greiði allan kostnað af málinu, sem orðin er og verður.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfengi það, sem ólöglega hefir verið innflutt og um ræðir í máli þessu, fannst í vörzlum nafngreindrar þjónustustúlku á e/s „Nova“, og viðurkenndi hún fyrir lögregluréttinum, að hún ætti áfengið og hefði haft í hyggju að selja það hér á landi. Hinsvegar hefir ekkert komið fram við rannsókn málsins, sem gefi ástæðu til að ætla, að hinn kærði skipstjóri á e/s „Nova“ sé samsekur stúlku þessari um innflutning áfengisins, né heldur, að hann hafi í þessu efni gerzt sekur um skort á eftirliti eða aðra vanrækslu.

Fyrirmælið í 6. mgr. 3. gr. áfengislaganna nr. 33 1935, um refsíabyrgð skipstjóra á brotum skipverja á ákvæðum greinarinnar, þykir ekki rétt að skýra rýmra en svo, að skipstjóri, sem hefir þá afstöðu til brotsins, er hér á sér stað og að framan

greinir, verði ekki dæmdur til refsingar, ef upp hefir komið um mann þann, sem raunverulega er sekur um hinn ólöglega innflutning áfengisins. Á þennan veg hefir og framkvæmdin á þessu fyrir-mæli jafnan verið frá því að það var sett inn í áfengislöggjöfina árið 1915. Ber því að sýkna hinn kærða skipstjóra af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Það athugast við dóm lögregluréttarins, að láðst hefir að ákveða vararefsingu fyrir þann hluta sektarinnar, kr. 320.00, sem miðaður er við 40 krónur á hvern lítra ólöglega innflutts áfengis.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Olaf Cecil Bowitz, á að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálf lutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Lárusar Jóhannessonar, 60 krónur til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórninni gegn Olaf Cecil Bowitz, skipstjóra á e/s „Nova“ frá Bergen, fyrir brot á áfengis- og tollögum.

Við komu e/s „Nova“ frá útlöndum til Fáskrúðsfjarð-

ar 2. þ. m. fundu tollgæzlumenn, eftir að kærði hafði gert grein fyrir farmi skips síns og undiritað fyrirskipuð vottorð í því skyni, í herbergi þjónustustúlkunnar á 2. farrými 10½ ¼ fl. af sterkum vínnum og 1200 stk. af vindlingum, og í klæðaskáp skipsins, sem hún ein hafði lykil að, fundu þeir pakka með silfur- og gullplettmunum, um 4—5 kg. að þyngd. Hefir þjónustustúlkann játað fyrir lög-regluréttinum, að hún væri eigandi vinnanna og vindlinganna, en neitaði eindregið, að hún eigi pakkann, og kveðst ekki geta gefið aðara skýringu á því, hvernig hann sé kominn í skápinn, en þá, að einhver farþegi hafi skilið hann eftir, og hún svo tekið hann til geymslu, unz eftir honum yrði lýst, eins og venja sé í slíkum tilfellum. Brytinn á e/s „Nova“ hefir og skýrt frá, að sér hafi verið ókunnugt um, að þjónustustúlkann hefði vörur þessar í vörzlum sínum. Ekki kveðst kærði heldur hafa vitað um það, er hann gerði tollgæzlunni grein fyrir farmi og skipsforða, að vörur þessar væru í skipinu.

Þessari staðhæfingu kærða hefir ekki verið hnekkt, og þar sem hann því verður ekki talinn hafa gefið ranga yfirlýsingu af ásettu ráði, er ekki næg heimild til að gera hann ábyrgan fyrir innflutningi vindlinganna og silfur- og gullplettmunanna, enda þótt fara verði með vörur þessar sem ólöglega innfluttar og tollsviknar. Hinsvegar verður hann, eftir ákvæðum áfengislaganna nr. 33/1935, um innflutning áfengis og innsíglun þess, að bera ábyrgð á innflutningi framangreindra vína, en þar sem álitá verður, að hann sé ekki að öðru leyti riðinn við innflutning þeirra og hann hefir ekki áður gerzt brotlegur gegn ákvæðum áfengislaganna um innflutning, ákveðst refsing hans eftir 2. tölulið 27. gr. þeirra 100 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella 10 daga einföldu fangelsi. Auk þess greiði hann, samkvæmt sama ákvæði, aukagjald í ríkissjóð, 40 kr. á hvern lítra hins innflutta áfengis, sem er 8 lítrar, eða samtals 320 kr., innan sama tíma, og verði áfengið eign ríkissjóðs. Loks verður hann að greiða allan kostnað af málinu, sem orðinn er og verður.

Á málinu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.